


Ásta Olga Magnúsdóttir
og
Páll Jakob Líndal

28. maí 2025

# Vesturhöfn - samþykkt deiliskipulag








# Söguleg höfn









# Söguleg höfn - atvinnustarfsemi











# Söguleg byggð



# Söguleg byggð
















# Höfnin - þungamiðja Reykjavíkur

REYKJAVÍKURHÖFN, HRINGBRAUT
OG JÁRNBRAUTARSTÖÐ

Bygging Reykjavíkurhafnar á árunum 1913 til 1917 er sennilega sú framkvæmd í sögu borgarinnar sem mest áhrif hefur haft á þróun skipulagsins. Með þeirri stórframkvæmd var þungamiðja bæjarins fest í sessi og staða höfuðstaðarins á landsvísu styrktist verulega, bæði sem útgerðarstaður og verslunarmiðstöð. Hugmyndir um stórskipahafnir

Haraldur Sigurðsson (2023). *Samfélag eftir máli. Bæjarskipulag á Íslandi og fræðin um hið byggða umhverfi.* Sögufélag.

Bls. 209

# Menningarsögulega mikilvægir staðir





# Stærra samhengi er nauðsynlegt



# Menningarsögulega mikilvægur staður við höfnina



Þörf á mun skýrari framtíðarsýn með tengingu við **miðbæ**, **gamalt rótgróið hverfi**, **hafið og lifandi höfn.**



Hvaða sýn endurspeglast í kauptilboði 2024?

# Söguleg höfn - vinnustofa með öðruvísi sýn









Unnið í 4 daga með skissubækur og þrívíddartækni til að skoða ólíkar sviðsmyndir.

# Söguleg höfn - vinnustofa með öðruvísi sýn





Víðtækt samtal ólíkra hagaðila, fagfólk, hönnuðir, íbúar, athafnafólk, listamenn…

- Andrými
- Sauna
- Hafnarleikvöllur
- Siglingaklúbbur
- Skólaskipið…





# Nýjar áherslur - Hverfisvernd og Borgarvernd í AR 2040




"Á reitum þar sem nú þegar hefur verið heimiluð mikil endurbygging,* verði lögð áhersla á lausnir og útfærslur sem fela í sér jákvætt samspil húsverndar og nýrrar uppbyggingar. Tryggt verði að söguleg vídd og fjölbreytni einstakra gatna og götumynda raskist ekki."

"Við gerð **hverfisskipulags verða verndarákvæði einstakra svæða skilgreind nánar**. Einstakar sögulegar götumyndir verði ennfremur skilgreindar nánar í hverfisskipulagi og deiliskipulagi."

# Nýjar áherslur - Hverfisvernd og Borgarvernd í AR 2040

- Menningarsöguleg gildi verði höfð í heiðri við skipulagningu, hönnun og uppbyggingu borgarinnar á öllum stigum – við skipulagningu hverfa, hönnun bygginga, gatnaumhverfis, torga, garða og almenningsrýma, götugagna og annarra mannvirkja á vegum borgarinnar.
- Hönnun og skipulagning byggðar feli í sér skilning á samhengi fortíðar og nútíðar, þar sem varðveisla á byggingar- og skipulagsarfi fortíðarinnar* og efling byggingarlistar og borgarhönnunar í samtímanum haldist í hendur.
- Þróun, endurbætur og endurnýjun byggðar í grónum hverfum Reykjavíkur skal miðast við að söguleg vídd byggðarinnar** skerðist eins lítið og kostur er - að byggingarsögulegt samhengi rofni ekki. Heildarsvipmóti gróinna hverfa verði ekki raskað.
- Varðveisla byggingararfsins verði almennt leiðarljós við endurskipulagningu eldri hverfa borgarinnar, svo og varðveisla þeirra umhverfisgæða sem í byggðinni eru fólgin. Hlúð verði að þessum arfi, hann gerður sýnilegur og leitast verði við að rækta hann við þróun og endurskipulagningu byggðarinnar.
- Gamlar byggingar skulu varðveittar á sínum stað. Ef hreyfa á við eldri byggingum skal færa fyrir því sterk rök í tillögu að deiliskipulagi og gera grein fyrir því hvernig hin nýja byggð samræmist markmiðum borgarverndarstefnu.
- Nýjar byggingar í eldri hverfum verði lagaðar að einkennum byggðarinnar*** og verði aðeins heimilaðar sé sýnt fram á að þær séu til bóta fyrir heildarsvip byggðarinnar.
- Leitast verði við að minnast sögunnar, svo sem sögustaða, örnefna, horfinna mannvirkja, gatna, sjónása og kennileita, í skipulagi og hönnun nýrrar byggðar og mannvirkja, ekki síst við hönnun opinberra bygginga og almenningsrýma.
- Ákvarðanir um verndun byggðaheilda, húsaraða, stakra húsa og annarra mannvirkja verði ávallt byggðar á faglegu og heildrænu mati með almannahagsmuni að leiðarljósi.

“Menningarsöguleg gildi verði höfð í heiðri við skipulagningu, hönnun og uppbyggingu borgarinnar á öllum stigum - við skipulagningu hverfa, hönnun bygginga…”

“Nýjar byggingar í eldri hverfum verði lagaðar að einkennum byggðarinnar”

# Áfangastaðamótun Höfuðborgarstofu Reykjavíkur  2025



## Grandinn og Gamla höfnin

- Markaðsstofan hefur verið að vinna **greiningu á ferðaþjónustukjörnum** á höfuðborgarsvæðinu.
- Ferðaþjónustukjarni er **afmarkað svæði** sem ferðamenn vilja heimsækja. Hver ferðaþjónustukjarni samanstendur af nokkrum stöðum sem bjóða uppá ólíka upplifun fyrir ferðamenn en sem saman mynda eitt svæði með **aðdráttarafl** fyrir ferðamenn.
- Haldnar voru vinnustofur með aðildarfélögum Markaðsstofunnar í nóvember og desember 2024.



## Grandi og Gamla höfnin

Grandinn og Gamla höfnin er einstakt svæði í Reykjavík sem sameinar sögulega sjávartengda arfleifð og lifandi nútíma menningu. Svæðið hefur þróast úr iðnaðarsvæði yfir í fjölbreyttan áfangastað sem laðar að bæði heimamenn og ferðamenn. Hér blandast saman fjölbreytt þjónusta, menningarviðburðir, einstök söfn, afþreying og frábærir veitingastaðir, sem skapa lifandi og heillandi svæði.
Svæðið er í stöðugri þróun, en jafnframt er haldið í sögulegan anda þess. Gamlir iðnaðar- og hafnarskálar hafa verið endurnýttir og fengið nýtt hlutverk sem listasöfn, matarmarkaðir, kaffihús og verslanir. Íslenskur sjávarútvegur og tengsl borgarinnar við hafið eru dregin fram í safnaheimsóknum, hvalaskoðunarferðum og upplifunum sem tengjast hafinu. Grandinn og Gamla höfnin eru því bæði gluggi inn í fortíðina og spegilmynd af skapandi og fjölbreyttu borgarlífi nútímans.

“Grandinn og Gamla höfnin er einstakt svæði í Reykjavík sem sameinar sögulega sjávartengda arfleifð ot lifandi nútíma menningu. Svæðið hefur þróast úr iðnaðarsvæði yfir í fjölbreyttan áfangastað sem laðar að bæði heimamenn og ferðamenn.”






# Samtal í yfir 20 ár








# Snúum ekki baki við hafinu!



Of dýrmætt tækifæri.

Hugsum skapandi og stórt?
Forsendur fyrir skapandi samfélag.

Í takt við strauma og stefnur borgarhönnunar 2025?



# Höfnin - ein hugmynd að uppbyggingu



# Höfnin - ein hugmynd að uppbyggingu



# Höfnin - ein hugmynd að uppbyggingu



# Höfnin - ein hugmynd að uppbyggingu




150 apartments 40-80m²
15 shops/restaurants